



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

8. árgangur 1. tbl.

Janúar 2011

Þorrablót Gnúpverja 2011

Þorrablót Gnúpverja verður haldið í
Félagsheimilinu Árnesi á bóndadaginn,
föstudaginn

21. janúar n.k.

Húsið opnar kl.

20:00 og blótið

hefst stundvíslega

kl. 20:45.



Hljómsveitin *Blek og byttur* mun leika fyrir dansi. Athugið að ekki er lengur bar í húsinu og því verður þetta „pokaball“, en gos verður selt á staðnum. Miðaverð er 5000 kr. Miðapantanir þurfa að berast fyrir mánudagskvöldið 17. janúar til:

Ámunda á Minna-Núpi: 892-0405,

Ingu Maju í Heiði: 456-3898 / 864-5481 eða

Helgu í Tröð: 486-5650 / 893-9565

Afhending miða fer fram í Árnesi
miðvikudaginn 19. janúar milli kl. 18-20.

Þorrablótsnefndin





Góðan dag allir í sveitinni okkar.

Lat K4 o LJ

Eins og venjulega er fullt að gera í leikskólanum okkar. Við erum að leika okkur með alls konar efni og líka að gera fullt af tilraunum. T.d höfum við verið að leika með pappírstætting og búa til snjó-komu, gera tilraunir með rör og vattkúlur og vinna með form og liti á ljósaborði. Það var samt þínu vont að fá vattkúlur í andlitið ef við reyndum að kíkja þegar kúlurnar runnu niður.



Unnið við ljósaborðið.



Benedikt og Matthías gera tilraunir með rör og kúlur .



Ááá, Vésteinn vildi horfa á kúluna koma!

Snjókoma ??



Ari leyfði okkur að kveikja á jólatrénu og það gerðum við 29. nóvember. Við sungum og dönsuðum jólalögin, þó það væri ekki kominn desember, en það var allt í lagi af því aðventan var byrjuð.

Jólasveinahúfudagur var hjá okkur í leikskólanum 8. desember og þá voru margir, litlir og stórir jólasveinar út um allan leikskólann.



Sungið og dansað kringum jólatréð og jólasveinar klifra í rimlunum.

Og svo þurfti auðvitað að baka piparkökur, við bjuggum til alls konar jólamyndir, stjörnur, jólatré, engla, hreindýr og jólasveina. Konurnar hjálpuðu okkur smá, en samt ekkert voða mikið.

Við fengum að borða piparkökurnar á



Litlu jólunum sem voru föstu-daginn

17. des..
Allir komu í fínu fötunum og svo gengum

við í kringum jólatréð, sem við vorum búin að skreyta. Tveir skrítnir sveinar, sem hétu Stúfur og Skyrgámur komu í heimsókn og dösnuðu og sungu með okkur og við sungum hærra en þeir. Þeir gáfu okkur svo safa og súkklaði áður en þeir fóru heim. Ekki meira að fréttu frá okkur. Bestu kveðjur frá krökkunum í Stórholti og öllum í leikskólanum Leikholti



Sóldís og Þrándur skera út piparkökur.



Litlu jólin 17. des.

Kæru sveitungar,

Þann 12. mars n.k. verður Hjónaballið haldið í Brautarholti.

Dagskráin verður auglýst síðar.

Vinsamlegast takið daginn frá.

Kveðja,

Hjónaballsnefnd 2011



JIBBBBBBÍÍÍ☺


Nú endurtökum við leikinn og takið dagana frá þann **28. janúar** næst komandi **4. og 18. febrúar 2011.**

Því nú tökum við fram spilin og höldum spilakvöld.

Dagskrá verður auglýst síðar

Kær spilakveðja

Spilanefnd☺



Yoga fyrir byrjendur í Geldingaholti.

Yoga fyrir byrjendur hefst miðvikudaginn

26. janúar kl. 19:00 - 20:00.

Mjúkar, sterkar teygjur, ásamt öndun
og góðri slökun.

Uppl. í síma 486-6055 / 861-7013

Rosemarie B. Þorleifsdóttir

Húsaleigubætur

Minum á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir hver umsókn eitt ár.

(skv. 10. gr. Laga um húsaleigubætur). Hægt er að lesa lögin á <http://www.felagsmalaraduneyti.is>

Sækja þarf um árlega og þeir einstaklingar sem hafa fengið húsaleigubætur greiddar á s.l. ári þurfa því að endurnýja umsóknina fyrir 1. febrúar 2011. Oddviti.

Flúða Taxi



Sími 893 1462



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00
Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.
Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:
856 1580 Unnar - 856 1581 S tefán

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

Vetraropnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Skeiðalaug s: 486 5500 - Neslaug s: 486 6117

	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga:	lokað	17 – 21
Priðjudaga:	17 – 21	lokað
Miðvikudaga:	lokað	17 – 21
Fimmtudaga:	17 – 21	lokað
Föstudaga:	lokað	lokað
Laugardaga:	13 – 17	13 – 17
Sunnudaga:	lokað	lokað

Hætt er að selja inn hálf tíma fyrir lokun !

Gestir sundlauganna eru beðnir um að athuga að ný reglugerð tók gildi 1. janúar 2011 sem gildir um alla sund- og baðstaði sem almenningur hefur aðgang að.

14.gr.

Börnum yngri en 10 ára er óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklingi 15 ára eða eldri. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri en tvö börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna. Reglugerðin byggir á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Viola Snyrtistofa á Flúðum

Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð
Húðhreinsun
Litun og plokkun
Handsnyrting
Fótsnyrting



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði
dömur og herra frá **GUINOT**
Tímarpantanir í síma **856-1599**

Á bak við eldavélina!


Ég þakka Magnúsi vini mínum fyrir að gefa mér tækifæri til að kynna minn uppáhaldsmat í hinu ágæta fréttabréfi.

Uppáhaldsmatur þarf að uppfylla að minnsta kosti tvö skilyrði, þ.e. hollur og bragðgóður.

Á minnu heimili er vinnuskipting matseld mjög skýr. Ég sé um morgunmatinn sem er aðalréttur alla daga vikunnar og þarf því að uppfylla bæði ofangreind skilyrði.

Sá réttur sem uppfyllir þau er tvímælalaust hafragrautur ásamt vel súrum blóðmör og hreinu þorskalýsi af stút, (tvo sopa fyrir karl, einn fyrir konu).

Margir halda að þetta sé vandálítil eldamennska en svo er ekki samkvæmt minni reynslu. Bæði hráefni og eldamennska krefst mikillar nákvæmni svo náttúrukrafturinn haldist í hámarki: .



Uppskrift frjótæknisins er fyrir tvo. (Karl og konu á góðum aldri).

1 glas haframjöl (solgryn) 2 glös heitt vatn úr æðum Hitav. félags Gnúpverja 60 gr. heitt. Gróft salt eftir smekk. (Oft erfitt að gera upp á milli bragðs og krafts).

Meðlæti: Súr blóðmör (minnst viku mest þrjár, í mysu frá M.S.)

Eldun: Mjög mikilvægt: (Miðað er við eldun á gasi, í hæfilegum potti).

Fyrst haframjölið síðan saltið og loks vatnið, kveikt á gasinu á fullu blússi og potturinn settur yfir og hrært tvo hringi með sleif, mjög hægt.

Blóðmörinn sóttur í sýrukútinn og hann skorinn niður í munnbita, hæfilega marga. Það sem eftir er að keppnum skilað í kútinn

Lagt á borðið, mjólkinn og lýsið sótt í ísskápinn og síðan hrært í pottinum ca. 50 hringi, hægt og með yfirvegun.

Óvissuþættir eru vegalengd í sýrukút og hraði við að dekkja borð, en meginatriði er að vinna allt verkið með yfirvegun.

Ef ekki finnst breyting til batnaðar á líkama og sál innan mánaðar er sýnt að eitthvað hefur farið úrskeiðis. Sýnið þá þolinmæði og reynið aftur þar til árangur næst.

Verði ykkur að góðu.

Bjarni í Bugðugerði 4.

Ég skora á Begga meistarakokk að koma með eitthvað gott í næsta bréfi.



10. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 14. desember 2010 í Árnesi kl. 13:00.

Mætt: Gunnar Örn Marteinnsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristjana Heyden Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Fulltrúar Intrum á Íslandi mættu á fundinn og fóru yfir verklag við innheimtu.
2. Fjárhagsáætlun 2011, síðari umræða.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar vegna 2011.

	A hluti	A og B hluti
Tekjur	395.118	403.684
Gjöld	(365.349)	(368.779)
Fjármunatekjur	7.678	3.940
Rekstrarniðurstaða	37.447	38.845

3. Fundargerðir 131. og 132. fundar félagsmálanefndar.
Fundargerðir staðfestar.
4. Fundargerð 53. fundar Héraðsnefndar Árnesinga.
Fundargerð lögð fram.
5. Fundargerð 6. fundar stjórnar Skipulags-og byggingarfulltrúaembættis.
Fundargerð staðfest.
6. Fundargerð stjórnar SASS 438. fundur.
Fundargerð lögð fram. Sveitarstjórn tekur undir bókun stjórnar SASS um fangelsismál.
7. Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands 125. fundur.
Fundargerð lögð fram.
8. Fundargerðir stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 296. og 297. Fundir.
Einnig fundargerð 30. aukaaðalfundar Atvinnuþróunarfélagsins.
Fundargerðir lagðar fram.
9. Lögð fram drög að samningi við Vinnuvernd ehf sem lýtur að vinnu- og heilsuvernd, svo og trúnaðarlæknisþjónustu, en samningurinn er sameiginlegur með öðrum sveitarfélögum í Uppsveitum Árnessýslu og Flóa hreppi. - Drögin samþykkt og oddvita falið að skrifa undir.
10. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 196. Fundur.
Fundargerð lögð fram.
11. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands 130. fundur.
Fundargerð lögð fram.

12. Fundargerð stjórnar Brunavarna Árnessýslu 100. fundur.
Fundargerð lögð fram.
13. Tillaga um að setja þak á aldur þeirra sem sveitarfélagið styrkir til tónlistarnáms.
Sveitarstjórn samþykkir að taka ekki þátt í kostnaði við tónlistarnám nemenda eldri en 20 ára og miða skal við afmælisárið. Samþykktin tekur þegar gildi. Undanþegnir eru þeir sem þegar eru skráðir í tónlistarnám, þetta námsár, 2010-2011, að því loknu tekur samþykktin einnig gildi um þá. En þeir sem hafa hafið nám fyrir tvítugt geta sótt um undanþágu vegna áframhaldi náms.
14. Erindi með ósk um stuðning við Snorraverkefnið.
Erindi hafnað.
15. Erindi frá HSK með ósk um fjárstuðning.
Samþykkt að styrkja HSK um kr. 30, - á hvern íbúa til viðbótar við styrk Héraðsnefndar.
16. Umsókn um styrk vegna eldvarnaátaks 2010.
Erindi hafnað.
17. Beiðni um styrk við bændur í verkefninu bændur græða landið.
Samþykkt að styrkja umbeðna upphæð.
18. Lagðar fram hugmyndir til kynningar sem borist hafa í nöfn á götur í Brautar holti. Lagt fram.
19. Leiðrétting á bókun 29. fundagerðar Skipulags- og byggingarnefndar, liður nr. 12 Húsatóftir I - landskipti.
Leiðrétt bókun lögð fram frá Skipulags- og byggingafulltrúa og hún samþykkt.

Mál til kynningar

- A. Ályktun félags stjórnenda í leikskólum og félags leikskólakennara á Suðurlandi.
- B. Uppgjör framlaga vegna húsaleigubóta á árinu 2009.
- C. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 781. fundur.
- D. Erindi frá Saman hópnum.
- E. Ályktun frá Barnaheill.
- F. Upplýsingar frá þjóðskrá vegna tilkynninga um lögheimilisflutninga.

Næsti fundur sveitarstjórnarfundur verður haldinn 11. janúar 2011.

Fleira ekki. Fundi slitið kl. 16:50.

Næsta fréttabréf kemur út 15. febrúar 2011.

Skilafrestur efnis til 10. febrúar.

Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir, frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin

mánudaga-fimmtudaga kl. 9–12 og 13–15.

Sími 486-6014 Fax 486-6091

Hestaeigendur.

Bjóðum upp á fjölbreytta þjónustu fyrir hross:

Tamningar

Örmerkingar

Járningar

Uppeldi unghrossa

Getum aðstoðað við ormalyfsgjöf og séð um hófsnyrtingu.

Eiríkur og Unnur Lís, Vorsabæ

Símar: 898-1556 og 863-7121.



**Strákar - stelpur! Við spilum körfubolta
öll fimmtudagskvöld í Árnesi Kl. 20:30.**



Bara mæta. - UMFG

**Fótboltaæfingar öll þriðjudagskvöld
kl. 20:00 á sparkvellinum í Árnesi.**

Fyrir oldboys & girls 😊 😊

Æfingarnar eru á vegum UMFG og UMFS




Kort af afréttum sveitarfélaga!

Endurútgefið hefur verið kort að afréttum Gnúpverja, Flóamanna og Hrunamanna. Það er til sölu á skrifstofunni í Árnesi og kostar kr. 500 Oddviti.

Kjallaraíbúð til leigu í Sandlækjarkoti.

Íbúðin er ca 70 m² nýmáluð, með nýrri eldhúsinnréttingu og nýjum gólfefnum á helmingi gólfa. Upplýsingar í síma 894-1106.



Uppsveitadeild æskunnar í hestaípróttum.

Sameiginlegur kynningarfundur Loga, Trausta og Smára um Uppsveitadeild æskunnar í hestaípróttum verður haldinn á Kaffi Klett, Reykholti miðvikudagskvöldið 19. jan. Kl. 20:00 Hvetjum alla sem áhuga hafa á keppninni til að mæta. Keppt verður í barna og unglinga-flokkum (árgangar 98-2001 og '94 - '97).

Æskulýðsnefndirnar



Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps Brautarholti



Mánudaga kl. 16—18
Miðvikudaga kl. 16—18
Fimmtudaga kl. 20—22



Nú er hægt að skila bókum allan sólarhringinn!
Sett hefur verið lúga sem hægt er að setja bækurnar í.
bokasafn@skeidgnup.is S: 486-5505
Nefndin.



Þjórsárskóli

Á döfinni

Nú er skólastarf komið á fullt eftir jólafrí. Fyrir liggur að gera upp fyrri hluta vetrar og verður foreldradagur þriðjudaginn 25. janúar.

Föstudaginn 28. janúar verður foreldrafélag skólans með bingó. Þar hafa verið margir góðir vinningar í gegnum árin og mikið fjör.

Leikskólabörn halda áfram í skólaheimsóknum frá og með 31. janúar. Það er skemmtilegt að hafa það fyrirkomulag sem er og fá að kynnast hópnum mjög vel áður en hann kemur inn í skólann að hausti.

Félagsmiðstöðin Zero er í samstarfi við skólann um miðstigsgleði fyrir 5.-7. bekk og ein slík verður haldin í Árnesi miðvikudaginn 2. febrúar. Gott samstarf hefur verið við Hjalta forstöðumann sem vinnur mikið brautryðjendastarf í málefnum barna og unglinga á svæðinu.

Til stendur að fara í tveggja daga skíðaferð í Bláfjöll með nemendur í 4.-7. bekk í byrjun febrúar. Það er óskandi að það komi snjór sem fyrst og haldist eitthvað svo þetta verði mögulegt því það er mikil tilhlökkun í nemendum.

Með góðri kveðju,

Ingibjörg María, skólastjóri



Flúðaleið ehf

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip



Brottför frá Flúðum alla virka daga: **7:00 -9:00**

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl **12:00** frá Landflutningum og Kl **13:00** frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: **14:00**

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl **8:00-17:00** alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 - Pálmar

892-2371 - Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja og Hrunamannahreppur

Starfsfólk Flúðaleiðar

**Íþróttæfingar fyrir grunnskólanemendurna
halda áfram í Árnesi á mánudögum**

kl. 12:30 –14:00

Rúnar Hjálmarsson þjálfar.

umfSkeið og umfGnúp

Myndlistarskóli Uppsveita

Myndlistaskóli Uppsveita byrjar aftur 18. janúar og verður á þriðjudögum frá 15:00 – 16:30 í Brautarholti. Á námskeiðinu verður kennd teikning, málun og mótun og leitast er við að hafa verkefnin fjölbreytt með það að leiðarljósi að örva skapandi hugsun og persónulega tjáningu hvers og eins. Áhersla á góðan starfsanda þar sem hver og einn vinnur út frá eigin forsendum. Námskeiðið er fyrir börn 6 – 16 ára, hópskipting tekur mið af skráningu.

Skráning hjá Eygló Jósephsdóttur í
síma 894 0331 eða eyglo.joseph@gmail.com




Krakkar! Frjálsíþróttæfingarnar í Brautarholti á mánudögum!

5.-7.bekkur kl. 15-16 og 8.-10. bekkur kl. 16-17

Rúnar Hjálmarsson þjálfari er kominn aftur og nú er
um að gera að drífa sig.

Vorið kemur áður en vitum af.
umfSkeið og umfGnúp

Nudd í Brautarholti




Byrja aftur í Skeiðalaug um miðjan janúar.
Býð upp á svæðanudd og baknudd.
Áhugasamir hafi samband í síma 4866081 eða
8650329 einnig er netfangið mitt
laxdal@uppsveitir.is

BARNAMORGNAR!

Þar sem kuldinn er ríkjandi núna ætlum við að bjóða upp á barnamorgna frá 29. janúar næstkomandi á laugardögum í Árnesi milli 10-12 fyrir börn á aldrinum 0-6 ára. Þetta er hugsað sem stund þar sem foreldrar geta komið saman með börnin sín og leyft þeim að leika sér í íþróttasalnum. Boðið er upp á kaffi fyrir foreldra og vatn fyrir börnin. Sé vilji fyrir að gefa börnunum eitthvað annað geta foreldrar komið með það. Engin sérstök skráning, bara mæta. ☺

UMFG



Reiðhöllin á Flúðum auglýsir úrtöku fyrir Uppsveitadeildina.



Pátttakendur skulu vera félagar í hestamannafélögunum Loga, Trausta og Smára. Úrtakan verður haldin í reiðhöllinni þann 29. janúar kl 14:00. Keppt verður í fjórgangi og fimmgangi (keppt í báðum greinum) eftir FIPO reglum. Keppt verður um 14 laus sæti í deildinni þ.e 6 sæti Smárafélaga, 5 sæti Logafélaga og 3 sæti Traustafélaga. Skráningu þarf að fylgja kennitala knapa og IS númer hests. Tekið verður við skráningum á ksb@internet.is. Skráningargjald er 3.000 kr og greiðist á staðnum. (ekki kort) Hægt verður að nálgast reglurnar á heimasíðum hestamannafélagana.

<http://hestamannafelagidlogi.bloggar.is>

www.smari.is

<http://trausti.123.is>





Undirbúningsnefndin

11. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 11. janúar 2011 í Árnesi kl. 13:00.

Mætt: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2012-2014. Fyrri umræða.
Vísað til síðari umræðu.
2. Tillaga að styrk vegna vegalengdar í leikskóla lögð fram og rædd.
Sveitarstjórn samþykkir að þeir foreldrar sem þurfa að aka meira en 40 km á dag til að koma börnum í leikskóla fái greiddan styrk sem nemur 30 kr. á km sem aka þarf umfram 40 km á dag. Ekki er greitt fyrir akstur nema sem nemur einni ferð á dag fram og til baka í leikskóla frá hverju heimilli, styrkurinn hækkar ekki þó svo foreldrar eigi fleiri en eitt barn í leikskóla. Styrkurinn er endurreiknaður 30. des. ár hvert, næst fyrsta 30 des. 2011 og er miðaður við vísitölu neysluverðs, undirvísitala 0711 bílar, sem er 193,69 í des. 2010. Styrkurinn er afturvirkur til ágúst 2010, miðað við núverandi styrkuppþæð. Styrkurinn kemur til útborgunar tvisvar á ári í júní og desember.
3. Fundur skipulags-og byggingarnefndar 30. fundur, jafnframt eru lagðar fram fundargerðir afgreiðslufunda byggingarnefndar fundir nr. 56 og 57.
Fundagerð skipulags- og byggingarnefndar fundargerð nr. 30 staðfest.
Afgreiðslufundargerðir nr. 56 og 57 lagðar fram.
4. Fundargerð stjórnar SASS 439. fundur haldinn 10.12.2010.
Fundargerð lögð fram.
5. Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu kom og ræddi um málefni tengd hennar starfi.
6. Tekin ákvörðun um götuheiti í Brautarholti.
Sveitarstjórn þakkar íbúum fyrir góðar tillögur að götunöfnum í Brautaholti og samþykkir að götunöfnin Malarbraut, Holtabraut og Vallarbraut verði notuð hér eftir. Ágúst Guðmundsson, Brautarholti sendi þessar tillögur til sveitarstjórnar og á hann ómældan heiður skilið af komandi kynslóðum.
7. Tillaga að samþykkt um fráveitur í Skeiða-og Gnúpverjahreppi lögð fram og samþykkt og vísað til síðari umræðu samkv. lögum.
8. Farið yfir möguleika í fjarskiptamálum.
Sveitarstjórn skipar starfshóp sem kanna skal möguleika á lagningu ljósleiðara um sveitarfélagið. Niðurstöður úr þeirri vinnu verði lagðar fyrir sveitarstjórn og atvinnu-málanefnd.
9. Farið yfir stöðu mála í þeim hluta félagsheimilisins Árness þar sem framkvæmdir standa ekki yfir.
Áveðið að sveitarstjórn hitti hugsanlegan rekstraraðila sem auglýst hefur verið eftir, á næsta fundi.

10. Áskorun til innanríkisráðherra.

Sveitastjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps hafnar öllum hugmyndum um vegtolla á Suðurlandsvegi vegna þeirra framkvæmda á breikkun Suðurlandsvegar.

11. Bókun frá Oddi G. Bjarnasonar.

Ég lýsi mikilli reiði yfir þeim uppsögnum þriggja starfsmanna í sveitarfélaginu í desember sl. Það er tveggja sundlaugavarða og bókasafnsfræðings. Ég bendi á að uppsagnir án samþykktar sveitarstjórnar er algerlega á ábyrgð oddvita. Hin almenna regla hlýtur að vera sú að þeim sem sagt er upp sé kynnt fyrirhugaðar breytingar áður en til uppsagnar kemur. Það er krafa mín að oddviti biðji þetta ágæta starfsfólk afsökunar á fljótfærni sinni. Allar uppsagnir ber að afhenda af yfirmanni, ekki sem almennur póstur. Ég frábið mig að eiga nokkurn þátt í þessum uppsögnum og þykir miður að oddviti sendi þessar uppsagnir í nafni allrar sveitastjórnar. Ég frétti af þessum uppsögnum á annan hátt en frá oddvita.

Svar við bókun Odds G. Bjarnasonar frá K-lista.

Varðandi uppsagnir þriggja starfsmanna Skeiða- og Gnúpverjahrepps þá eru þær tilkomnar vegna breytinga á starfshlutföllum viðkomandi starfsmanna, ég kynnti þær breytingar fyrir sveitarstjórn bæði óformlega og við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011. Oddi Bjarnasyni átti að vera full kunnugt um að breytingar á starfshlutföllum viðkomandi starfsmanna var hluti af forsendum fjárhagsáætlunar, rétt er að taka fram að Oddur gerði ekki athugasemdir við fjárhagsáætlunina. Uppsagnirnar eru undirritaðar af oddvita og sendar sem slíkar en ekki í nafni sveitarstjórnar eins og Oddur virðist álíta og er miður að hann skuli ekki hafa haft fyrir því að kynna sér málið betur áður en þessi bókun var lögð fram. Það er vissulega neyðarbraud að þurfa að segja upp starfsfólki en var í þessum tilfellum nauðsynlegt til að hagræða í rekstri sveitarfélagsins.

12. Bókun Frá Oddi G. Bjarnasyni.

Ég krefst þess að allar stöður sem manna þarf í sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi verði auglýstar á opinberum vettvangi t.d. í héraðsfréttablöðunum (Dagskránni og Sunnlenska) eða á landsvísu eftir umfangi stöðunnar. Með þessu má væntanlega ráða úr stærri hóp einstaklinga. Einnig að allar verktakaframkvæmdir sem vinna þarf fyrir sveitarfélagið verði auglýstar á opinberan hátt til þess að ná niður kostnaði framkvæmda.

Svar við bókun Odds G. Bjarnasonar frá K-lista.

Varðandi kröfu Odds Bjarnasonar um að allar stöður hjá sveitarfélaginu verði auglýstar, þá er sú krafa óþörf vegna þess að það er vinnuregla að auglýsa allar stöður sem eru til frambúðar. Varðandi verktakaframkvæmdir þá hefur sveitarfélagið innkaupareglur til að fara eftir. Hægt er að kynna sér þær reglur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Mál til kynningar.

A. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 782. fundur.

B. Erindi frá svæðisráði um málefni fatlaðra á Suðurlandi

C. Erindi frá sveitarstjóra Hrunamannahrepps. Fleira ekki, fundi slitið kl. 17:00



Menn og málefni !

Fjölbrautarskóli Suðurlands útskrifaði Þann 17. desember s.l. fimm nemendur héðan úr sveitinni en þau eru:

Auður Olga Arnardóttir, Gunnbjarnarholti sem varð stúdent af viðskipta - og hagfræðibraut.

Birgir Sigurjón Birgisson, Hraunteigi, stúdent af málabraut.

Bjarni Már Ólafsson, Reykjum, stúdent af náttúrubraut.

Jóhanna Högh Sigurðardóttir, Hæli 1, stúdent af náttúrufræðibraut.

Sigríður Helga Jónasdóttir, Birnustöðum 1, lauk grunnnámi bygg- inga- og mannvirkjagreina - hún heldur nú áfram á Húsasmíðabraut.

Við óskum þeim innilega til hamingju með áfangann.

Þá eignuðust þau Bryndís Eva Óskarsdóttir og Bjarni Músson sitt fyrsta barn þann 18. desember s.l. sem er drengur og vó hann 3170 gr og 51 cm. Fjölskyldan býr í Háholti hér í sveit og sendum við þeim okkar bestu hamingjuóskir með litla drenginn.



Góð barnahúfa!

Var beðin um að láta vita að hvít barnahúfa með gráum loðkanti, varð eftir á Aðfanga- dagskvöld í Stóra-Núpskirkju. Hún er geymd á hreppsskrifstofunni í Árnesi og hægt er að vitja hennar þar á opnunartíma. S 486-6014. Það hlýtur einhver að sakna þessarar góðu húfu.

Kidda.



Þjóðbúningakvöld í Árnesi 8. apríl 2011.

Ágætu sveitungar, aðrir í uppsveitum og á Suðurlandi.

Hugmynd kom fram um hvort ekki væri gaman að þeir sem ættu þjóðbúninga klæddu sig upp í þá og kæmu saman þann 8. apríl nk. í Árnesi, að kvöldi til, hvaðan sem þeir væru af jarðarkringlunni, (bæði konur og karlar).

Margir búa hér í uppsveitum frá hinum ýmsu löndum og það væri mjög gaman að fá að sjá þjóðbúninga einhverra þjóða og heyra sögu þeirra og öðrum þjóðum gaman að sjá og heyra af okkar búningi.

Við erum að þróa hugmyndina, í það, meðal annars að gestir fái að smakka á spennandi réttum frá framandi löndum. Þá datt okkur í hug að hafa eitthvað til skemmtunar t.d væri gaman að horfa á þjóðdansa frá einhverjum löndum og hlusta á falleg þjóðlög, sem nóg er af og svo bara spjalla saman og dansa okkur til skemmtunar. Minnum á þetta núna ef einhvern langar kannski til að laga búninginn sinn, sauma sér nýjan, eða fá hann sendan frá heimalandinu fyrir tækifærið þá er smá tími til þess.

Köllum fram vorið þann 8. apríl með öllum þeim fallegu litum þjóðbúninganna sem þeir bjóða upp á.

Þetta verður án efa skemmtilegt kvöld og verður fyrir alla sem vilja gleðjast og hugsa til ættjarðarinnar!

Nánar auglýst síðar.

Með kærri kveðju.

Skemmtinefnd Kvenfélags Gnúpverja.

Sigrún í Haga og Kidda í Hraunteigi.



Tónlistarnámskeið fyrir börn og unglinga

Felur í sér að:

Þjálfar nemendur í að búa til sína tónlist

Læra að skapa eitthvað frá grunni

Efla sjálfstraust

Þróa skapandi hugsun hjá hverjum nemanda fyrir sig

Þjálfar hug og hönd

Í leiðinni að efla færni til almenns náms og þá aðallega lestrar-náms.

Námskeiðin fara fram í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar Zero og byrja mánudaginn 7. febrúar.

Fyrir 6 og 7 ára börn frá kl.14:40 til 15:40.

Fyrir 4 og 5 ára börn frá kl.15:40 til 16:40.

Námskeiðin verða á mánudögum út janúar eða í fjögur skipti, ný námskeið hefjast strax að því loknu. Kostar hvort námskeið 4000 kr. á barn.

Námskeiðið hentar ólíkum nemenda hópum og er það aðlagð að getu hvers nemanda fyrir sig. Megin stefna námskeiðanna er að nemendur skemmti sér og læri í leiðinni.

Tónlistarsmiðja fyrir 7-10 bekkina.

Tónlistarsmiðja fyrir 7-10 bekkina byrjar einnig 7. febrúar kl. 19:30. Unnið verður út frá spurningunni, Hvað er tónlist? Þeir sem eiga hljóðfæri mega koma með þau. Verður einnig unnið með smiðjuna í lotum og er hver lota fjögur skipti og kostar 4000 kr. á nemanda. Nýtt verður hljómsveitaraðstaða félagsmiðstöðvarinnar.

Upplýsingar um námskeiðin og smiðju fást hjá Kristínu Magdalenu Ágústsdóttur í síma 6904541 eða krima@mi.is



Fjölskyldumessa í Stóra-Núpskirkju

30. janúar. 2011.

Með kærri nýárskveðju frá sóknarpresti.





Starf við sundlaugar

Laust er til umsóknar starf umsjónamanns sundlauga hjá Skeiða-og Gnúpverjahreppi um er að ræða 70% starfshlutfall. Í starfinu felst að sinna sundlaugarvörslu í Neslaug og Skeiðalaug, aðstoða við sundkennslu í báðum laugunum, vera yfirmanneskja með báðum laugunum og þar með að sjá um ráðningu aðstoðarfólks yfir sumartímana eftir því sem þörf er á og sjá um innkaup á rekstrarvörum lauganna. Starfstöð umsjónamanns verður í Skeiðalaug. Starfið er laust frá 1. mars 2011, umsóknarfrestur til 1. febrúar n.k.

Nánari upplýsingar veitir oddviti í síma 486-6014.

Götunöfn í Brautarholti!

15 nöfn bárust á göturnar í Brautarholti. Þetta var góð þátttaka og verulega skemmtilegt og gott að hafa þau tiltæk þegar byggðin stækkar en ekki þurfti nema þrjú núna og eru þau birt hér og höfundar þeirra.

A-Vörðufellsbraut
B-Laxárbraut
C-Hvítárbraut
D-Þjórsárbraut

A-Kóngshóll
B-Hádegishóll
C-Prestsmýri
D-Griðbúpýfi

Hér eru nöfn sem þau Camilla og Björgvin Skafti í Brautarholti lögðu til.

A - Byggðaholt
B - Brautarholt
C - Blómaholt
D - Bændaholt
Þessar tillögur sendi Steinunn Finnbogadóttir Húsatóftum 1a

A – Malarbraut
B - Holtabraut
C - Vallarbraut
Þetta eru svo nöfnin sem ákveðið var að nota og meðfylgjandi er bókun sveitarstjórnarinnar á síðasta fundi um þau.

Sveitarstjórn þakkar íbúum fyrir góðar tillögur að götunöfnum í Brautarholti og samþykkir að götunöfnin **Malarbraut, Holtabraut og Vallarbraut** verði notuð hér eftir. **Ágúst Guðmundsson, Brautarholti** sendi þessar tillögur til sveitarstjórnar og á hann ómældan heiður skilið, af komandi kynslóðum!

Velkomin í verslun okkar á Flúðum

Verð og úrval sem kemur á óvart

Alhliða byggingavöruverslun með áherslu á gæðavörur, góða þjónustu og lágt verð fyrir alla.

Opið virka daga kl. 9 - 18 • Laugardaga kl. 10 - 14

Bílavörur

- Smurólíur
- Frostlögur
- Hreinlætisvörur
- Perur
- Öryggi og þurrkublið



Prjónavörur

- Lopi, margir litir
- Prjónar, ýmsar stærðir
- Peysur, margir litir
- Húfur
- Vettlingar



Fyrir hestamanninn • Beisli • Múlar • Skeifur • Burstar • Klóður

Ahöld og tæki

- Ryksugur
- Jarðvegsþjöppur
- Flísa- og steinsagir
- Rafstöðvar
- Gott úrval áhalda f. fagmenn



Málningardeild

- Inni- og útimálning
- Lökk
- Sparti
- Viðarvörn
- Málningaráhöld



Gólfefnadeild

- Flísar
- Náttúrusteinn
- Parket / Plastparket
- Flísa- og parketlím
- Undirlag



Múrdeild

- Utan- og utanhúss
- Múrboltar
- Byggingarvinklar
- Pansteypa og teinalím
- Undirlag



Hreinlætistækiadeild

- Hreinlætistæki
- Blöndunartæki
- Sturtuklefar
- Innréttingar
- Handlaugar



Festingavörur

- Skrúfur og boltar
- Múrboltar
- Byggingarvinklar
- Pansteypa & teinalím
- Undirlag



Heimilisvörur

- Straujárn
- Matvinnsluvélar
- Glös og bollar
- Handryksugur
- Hrærivélur



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Smiðjustíg 6a • 845 Flúðum
Sími 486 1866 • vondull@simnet.is

Í kjölfar samninga okkar við einn stærsta vítamín og steinefnaframleiðanda Þýskalands **Josera** langar okkur að kynna fyrir þér þá vörulínu sem við höfum uppá að bjóða frá þeim.

Vönduð vara á mjög samkeppnishæfu verði

Saltsteinar

Josera.

Steinefnafötur



Saltsteinn Natur
Saltsteinn

10 kg.

Verð m/vsk.
kr. 889,-



Saltsteinn Plus
Saltsteinn með viðbættu magnesíum, seleni og jöði

10 kg.

Verð m/vsk.
kr. 1.122,-



Steinefnablokk Uniblock
Sleikiblokk með kalsíum, magnesíum, jöði, seleni og vítamínunum

10 kg.

Verð m/vsk.
kr. 1.993,-

Steinefnafata Mineraleimer

Steinefnafata Phosphoreimer

Steinefnafata Universal-schale



Alhliða steinefnafata fyrir kýr og hross
Ekki fyrir sauðfé

25 kg.

Verð m/vsk.
kr. 4.838,-



Steinefnafata með háu fosfór og seleninnihaldi
Fyrir nautgripi, sérstaklega fyrir geldkúr.
Ekki fyrir sauðfé

Verð m/vsk.
kr. 5.643,-



Alhliða steinefnafata fyrir sauðfé.

15 kg.

Verð m/vsk.
kr. 3.164,-

Bætiefni fyrir kýr

Josera.



Complett - Keragen
Complett - Keragen er viðbótar steinefna- og vítamínfóður sem inniheldur meira en kjarnafóður af A og D3 vítamínunum ásamt ýmsum snefilefnum.
Complett - Keragen hefur góð áhrif á júgurheilbrigði og klaufir. Ráðlagður dagskammtur 80-100 gr. á dag. Hentar vel í heilfóður sem og fyrir einstaklingsfóðun.

25 kg.

Verð m/vsk.
kr. 6.000,-



Prophos - Keragen

Prophos - Keragen er fóður sem er æskilegt að gefa kúm tveimur til þremur vikum fyrir burð.
Prophos - Keragen dregur úr hættu á kalkskorti og hátt innihald af magnesíum Mg. og D3 vítamíni kemur í veg fyrir kalsíum skort í upphafi mjaltaskeiðs.
Ráðlagður dagsskammtur 80 - 100 gr. á dag.

25 kg.

Verð m/vsk.
kr. 6.800,-

Undirburður

Josera.

Kálfaduft - skitumeðal



Desan - undirburður
Desan er náttúrulegur undirburður.
• Vinnur gegn óæskilegum bakteríum, sveppum og gerlamyndun.
• Til notkunar í bása, hálmbeði og steinbita.
• Þurrkar meðhöndluð svæði.
• Hefur góð náttúruleg áhrif vegna innihalds á náttúrulegum sýrum og olíum.
• Minnkar gasmyndun og dregur úr ammoníak lykt.
• Gefur góða lykt í gripahúsið.
• Æskileg notkun 50 - 100 gr. á m²
• Tilvalið til notkunar með sagi.

25 kg.

Verð m/vsk.
kr. 6.160,-



Supramil T - kálfaduft

Supramil T kálfaduft hefur góðan meltanleika og inniheldur sýrur sem vernda gegn skitu og meltingartruflunum

Vitakur - skituduft fyrir kálfa

Vitakur er náttúrulegt skituduft fyrir kálfa.
Hentar bæði sem fyrirbyggjandi sem og fyrir kálfa sem fengið hafa skitu. Til blöndunar bæði í mjólk og eða vatn allt eftir ástandi kálfsins.



Verð m/vsk.
5 kg. kr. 8.638,-

Hikið ekki við að hafa samband við sölumann með frekari upplýsingar

480 5600
landstolpi.is



Sorpdagatal - Skeiða- og Gnúpverjahreppur

2011



janúar

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

febrúar

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28					

mars

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

apríl

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

maí

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

júní

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

júlí

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

ágúst

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

september

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	

október

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

nóvember

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

desember

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

- Græna tunnann
- Brúna tunnann
- Gráa tunnann
- Heyrúlluplast

www.skeidgnup.is

Gleðilegt nýár!